

Fundargerð stjórnar BÍS 04/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, miðvikudaginn 16. febrúar 2011 kl. 17:30

Mættir:

Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, starfandi formaður alþjóðaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Forföll:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, og Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs.

Gestir:

Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti undir 4. lið. Þóra I. Guðnadóttir og Bjarni Páll Tryggvason, afmælisnefnd, undir 5 lið.

Dagskrá:

1. Setning: HH bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, alþjóðaráðs, upplýsingaráðs, fjármálaráðs og fundargerðir fararstjórnar Jamboree: Lágu fyrir.
4. Heimsókn: Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Byrjaði á því að fara yfir helstu samstarfsverkefni ráðuneytisins og Æskulýðsvettvangsins, Verndum þau og Kompás. Ánægja með samstarfið. Leggur áherslu á að BÍS geri áætlun um námskeiðahald Verndum þau fyrir sína foringja. Einnig að BÍS og skátafélögin eigi viðbragðsáætlanir. Ræðir einnig um aukna áherslu á siðareglur. Ráðuneytið hefur veitt fé til þess að halda betur utan um hóp þjálfara í Kopásfræðslu. Nefnir mikilvægi verkefnisins Evrópa unga fólksins. Skátar hafa verið virkir umsækendur og verða það vonandi áfram. Ræðir mikilvægi Æskulýðssjóðs fyrir félögin og að hart sé sótt af alls kyns aðilum um fé úr sjóðnum. Ræðir um mikilvægi rannsókna á högum ungs fólks. Til eru nokkuð reglulegar rannsóknir allt frá árinu 1992. Gerð var stór norræn rannsókn árið 2009 að frumkvæði Íslands. Nefnir úttekt sem gerð var á ábyrgð þeirra sem vinna í æskulýðs og tólmstundastarfi. Nefnir fund sem mennta- og menningarmálaráðherra efndi til í ráðuneytinu 30. nóvember sl. með fulltrúum æskulýðsfélaga. Málefnalegur málflutningur skáta, sérstaklega Braga Björnssonar, skátahöfðingja, vakti athygli. Eins og komið hafi fram á fundinum sé áhugi víða í þessum geira á því að mörkuð sé svokölluð æskulýðsstefna, það sé hins vegar ekki alltaf ljóst hvað átt sé við þegar þetta er rætt. Það sé þó nauðsynlegt fyrir skáta að fylgjast vel með umræðunni og taka virkan þátt í henni. Hann væntir þess að ráðuneytið muni svara beiðni um fjárstuðning vegna World Scout Moot 2017 í næstu viku. HS ítrekar óskir sem sendar hafa verið um fund með ráðherra vegna verkefna sem eru í vinnslu hjá BÍS. EK bendar á að stöðugt þurfi að ýta á eftir erindum sem þessum. HS nefnir að unnið sé að stofnun skátasfélaga á 4 nýjum stöðum á landsbyggðinni. HSG spyr um aðkomu ráðuneytisins að Evrópuári sjálfboðaliðans. EK segir að vegna þess að þetta ár sé á vegum ESB og að önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu hafi ekki fengið að vera með, þá sé þetta ár í raun ekki á borði ráðuneytisins.
5. Afmælisársnefnd BÍS: Halla, Þóra og Bjarni Páll gerðu grein fyrir störfum nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að hefja þetta með flokkakeppni sem dagskrárstjórn

Landsmóts skáta 2012 annast og hefst í október 2011. Stefnt er að skátadegi í Hljómskálagarðinum á Menningarnótt 2012. Hugmyndir eru uppi um friðarráðstefnu í Viðey í október 2012. Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, leiðir hóp sem hugar að útliti og merki ársins. Afmælisnefnd er í samstarfi við Minjanefnd skáta og er stefnt að sýningarhaldi. Einnig eru í vinnslu hugmyndir um póstaleik fyrir almenning. Nefndin hyggst kynna vinnu sína á Skátaþingi 2011.

6. Lagabreytingar: JIB kynnti frumvarp til nýrra laga BÍS sem tekið hefur nokkrum breytingum eftir opinn fund um málið í síðustu viku. JA og JIB falið að fara yfir og lagfæra orðalag og senda síðan út til skátafélaganna til kynningar.
7. Skátaþing 2011: Kynnt voru drög að dagskrá. Samþykkt.
8. Skátastarf á nýjum stöðum: Skátastarf er að hefjast á Rifi í Snæfellsbæ og á Kirkjubæjarklaustri.
9. Bréf frá skátafélaginu Segli: Afgreiðslu frestað.
10. Önnur mál: Engin önnur mál

Fleira ekki rætt,
Fundu slitið kl. 20:20
Fundargerð ritaði JA.